



Básendi 6 – fyrirspurn


Lögð fram fyrirspurn Casper Vilhelmsen, dags. 16. janúar 2023, um rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 6 við Básenda.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Básenda 6 borgarhluta 5 Háaleiti-Bústaðir og er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB36 Fossvogur.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 6 við Básenda er einbýlishús; hæð, ris og kjallari, byggt árið 1962 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir álit skipulagsfulltrúa á rekstri gististaðar í flokki II í kjallarárými í húsinu.

Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin og byggingin staðsett á íbúðarsvæði, en á íbúðarsvæðum er almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Í íbúðarbyggð er aðeins heimilt að vera með gistileyfi í flokki I, heimagistingu í 90 daga á ári. Því er tekið neikvætt í fyrirspurn.

Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í fyrirspurn, samræmist ekki aðalskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri